

Priðjudaginn 11. júní 1940.

Nr. 17/1939. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Guðjóns
Sigurðssonar
gegn
Sveinafélagi múrara.

Ágreiningur um það, hvort stofnast hafi vinnusamningur milli málsaðilja. Múrarameistari ekki talinn hafa skuldbundið sig til þess að vinna ekki með sveinum sínum. Stéttarfélag dæmt til þess, að greiða skaðabætur fyrir að hafa á óréttmætan hátt átt þátt í að hindra stefnanda í því að vinna með sveinum sínum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. september f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Guðjóns Sigurðssonar, múrarameistara hér í bæ, gegn Sveinafélagi múrara hér í bæ.

Málavextir eru þessir:

Hinn 30. júní . . . (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 53.)
. . . Guðjón Sigurðsson 19. júlí . . . sveinafélaginu.

Í máli þessu gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

1.—3. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 54.)

Þá krefst hann málskostnaðar eftir mati dómsins.

Í stefnu gerði hann þá kröfu, að stefndi yrði dæmdur í sekt fyrir sammingsrof, en við munnlegan flutning málsins féll hann frá þeirri kröfu með skírskotun til þess, að samskonar kröfu hefði verið hrundið með dómi þessa réttar í málinu nr. 26/1939.

Stefndi hefir krafizt sýknu og málskostnaðar.

Koma þá til athugunar kröfur stefnanda.

Um 1. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 55.)

Um 2. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939.)

Um 3. Skaðabótakröfu . . . (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939)
. . . með í ráðum þar um.

Koma þá til athugunar afskipti sveinanna og sveinafélagsins af stefnanda þessa máls.

Þegar stefnandi gerði framangreindan samning við sveinafélagið, hafði hann, sem múrarameistari, eftirlit með múrvinnu við húsið nr. 10 við Laugaveg. Kveðst hann hafa ætlað að vinna fulla vinnu við það, auk eftirlitsins. En þegar hann

ætlaði að fara að vinna þar 25. júlí f. á., tjáði múrarasveinn sá, er þar vann hjá honum, að hann mundi leggja niður vinnu, ef stefnandi færi að vinna, og þar fyrir sig nefnda samþykkt sveinafélagsins. Þá hafði stefnandi og sem múrarameistari eftirlit og umsjón með múrvinnu tveggja annarra húsa, og hafa eigendur þeirra húsa vottað og staðfest hér fyrir réttinum, að sveinarnir, sem unnu við þau hús, hafi í þeirra áheyrn neitað að vinna hjá stefnanda, ef hann ynni sjálfur. Loks byggði stefnandi eitt hús fyrir eigin reikning. Vegna þessarar framkomu sveinanna kveðst stefnandi hafa neyðst til þess að vinna ekki, til þess að sveinar fengjust til múrvinnunnar. Heldur hann því fram, að stjórn sveinafélagsins hafi staðið að hótun sveinanna um vinnustöðvun og hvatt þá til þess að setja nefnt skilyrði fyrir vinnu hjá honum. Þessu hefir stefndi neitað.

Þegar litið er til framkomu stjórnar sveinafélagsins gagnvart öðrum múrarameisturum um þessar mundir, sem gert höfðu samning við félagið, kemur í ljós samkvæmt því, sem upplýst er í máli þessu, að hún hefir beinlínis stöðvað vinnu hjá Þorkeli Ingibergssyni vegna þess að hann vann sjálfur, svo sem nánar er lýst í málinu nr. 26/1939. Upplýst má telja, að hún hefir nokkru síðar, eða a. m. k. formaður hennar, tjáð þremur sveinum, að þeim væri ekki gerlegt að vinna hjá Haraldi Sigurðssyni, múrarameistara, vegna þess að hann væri í „sveinabanni“, og í samtali, er Haraldur átti þá við hann, sagði formaðurinn, að það væri „stríð“ milli sveinafélagsins og múrarameistaranna, og yrði það að bitna á Haraldi sem öðrum múrarameisturum, og hefir ekki verið upplýst, að annað lægi þar til grundvallar en það, að hann hefði unnið sjálfur. Að því er snertir framkomu sveinafélagsins og forráðamanna þess, eftir að skorið var úr um rétt meistaranna til að vinna sjálfir með dómi þessa réttar 13. okt. f. á., og sem nánar er lýst í dómi þessa réttar í málinu nr. 26/1939 (mál Þorkels Ingibergssonar), verður hún ekki skilin á annan veg en sem beint áframhald af hálfu stefnda í viðleitni þess, að knýja meistarana til þess að vinna ekki. Loks má geta þess, að í febrúar þ. á. gerir þáverandi formaður sveinafélagsins tilraun til þess að fá sveinana til þess að leggja niður vinnu hjá einum múrarameistara, sem vann sjálfur, og er 2 af sveinunum neita því, er þeim gert að greiða sekt til sveinafélagsins fyrir þá afstöðu sína.

Að framangreindu athuguðu og því, að stjórn sveinafélagsins virðist ekki á neinn hátt hafa vakið athygli meðlima sinna á því, að framangreind samþykkt væri ósamrímamleg samningi félagsins við stefnanda, ef henni væri beitt þannig, að hún takmarkaði rétt hans sjálfs til vinnu, né heldur tilkynnt meðlimum félagsins innihald hans, verður ekki hjá því komizt að líta svo á, að það hafi verið með vilja og fullu samþykki sveinafélagsstjórnarinnar, að sveinarnir settu greint skilyrði fyrir vinnu sinni hjá stefnanda. Og með því að slíkur stuðningur af hálfu sveinafélagsins var óréttmætur, verður að leggja á það ábyrgð af tjóni, er stefnandi kann að hafa beðið sökum þess, að honum var þannig bægt frá vinnu.

Vegna framangreindra aðgerða sveinanna og sveinafélagsins kveðst stefnandi hafa orðið fyrir tjóni, þar sem hann hafi þeirra vegna misst af vinnu, sem hann ella hefði haft. Telur hann sig hafa misst af vinnu 82 vinnudaga á tímabilinu 20. júlí til 2. nóv. f. á., og nemi tjón hans því, miðað við 25 kr. dagkaup, kr. 2050.00. Þar frá beri þó að draga kr. 1015.30, sem hann hafi getað unnið sér inn á nefndu tímabili. Nemur bótakrafa hans samkvæmt því kr. 1034,70. Með því að telja verður, að færðar hafi verið nægilegar líkur fyrir því, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna framangreindra aðgerða stefnda, verður að dæma honum bætur úr hendi stefnda, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 600.00.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Framangreindur samningur milli aðilja máls þessa, dags. 19. júlí 1939, fullnægir skilyrðum 6. gr. laga nr. 80/1938, um vinnusamninga, og gilda um hann ákvæði nefndrar greinar.
2. Stefnanda, Guðjóni Sigurðssyni, er heimilt að vinna sjálfum við verk þau, er falla undir 1. lið framangreinds samnings.
3. Stefndi, Sveinafélag múrara í Reykjavík, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Guðjóns Sigurðssonar, kr. 600.00 og kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.